

7. gr.

Hreppsnefnd skal hafa sauðfjárhelda girðingu umhverfis íbúðabyggð í Þingeyrarkauptúni og skipuleggja landsvæði fyrir búfjárhald utan þeirra marka.

Stefnt skal skipulega að því að allt búfjárhald flytjist út fyrir ofangreinda girðingu.

8. gr.

Byggingar peningshúsa eru aðeins leyfðar á skipulögðum búfjársvæðum sem hundin eru í aðalskipulagi.

9. gr.

Enginn má halda búfé nema hann hafi yfir það hús sem samræmist kröfum heilbrigðisreglugerðar. Leyfishafi ber ábyrgð á því að hann hafi beutiland handa búfé sínu á sumrin og fóður á veturna svo og allri meðferð búfjárins.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum.

Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Þingeyrarhrepps í V-Ísafjarðarsýslu staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 15. apríl 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUR

um framkvæmd matsstarfa og um innkaup og endursölu félagslegra íbúða skv. l. nr. 51/1980 sbr. rgl. frá 23. mars 1982.

Matsnefnd félagslegra íbúða skal hafa með höndum eftirtalin verkefni:

1. Framkvæma mat á verði þeirra félagslegra íbúða, sem eigendur óska eftir að selja, og falla undir ákvæði laga nr. 51/1980, sbr. eldri lög um verkamannabústaði og aðrar félagslegar íbúðir.

Við framkvæmd matsstarfa skal nefndin gæta ákvæða 53., 54. gr. l. 51/1980 svo og ákv. V. kafla sömu laga. Sbr. rgl. 527/1980 skal nefndin kanna ákvæði eldri laga eftir því sem tilefni er til og afsöl íbúða.

Matsnefndin skal skila matsgerðum til stjórnna verkamannabústaða og senda afrit til félagsíbúðadeildar Húsnæðisstofnunar ríkisins.

2. Úrskurða um vafaatriði, sem kaupendur og seljendur félagslegra íbúða senda nefndinni til úrlausnar, og snerta íbúðir, sem kaupskylda eða forkaupsréttur skv. l. 51/1980 nær til.
3. Vera eigendum félagslegra íbúða til ráðuneytis varðandi réttindi þeirra og skyldur við endursölu íbúða.

Við mat á göllum íbúðar, skal nefndin taka mið af kostnaði við að gera til fulls við gallana, en ávallt skal gefa seljanda kost á að gera við íbúð áður en endanlegt

mat fer fram. Fyrningu íbúða skal að jafnaði miða við heildarinnkaupsverð íbúðar að frádregnum endurbótum.

Ekki er heimilt að láta kostnað við viðgerðir á byggingargöllum húss, falla á seljanda íbúðar.

Þegar matsnefnd Húsnæðisstofnunar ríkisins hefur ákveðið verð íbúðar og metið endurbætur sem á henni hafa verið gerðar og galla sem á henni kunna að vera, og báðir aðilar samþykkt matsverð, skal stjórn verkamannabústaða eða annar fulltrúi sveitarstjórnar annast uppgjör við seljanda íbúðarinnar á grundvelli matsgerðarinnar. Seljandi skal greiða fasteignagjöld og annan kostnað af íbúðinni til afsalsdags og einnig vexti og verðbætur af lánnum sem á henni hvíla. Einnig greiðir seljandi kostnað við þinglýsingu, afsal og 1% af söluverði íbúðarinnar í sölulaun til stjórnar verkamannabústaða.

Kaupandi annast uppgjör á öllum veðskuldum sem á íbúðinni hvíla, en greiðir seljanda út eftirstöðvar kaupverðsins að frádregnum kostnaði samkvæmt framan-sögðu.

Stjórn verkamannabústaða skal láta gera við skemmdir og galla á íbúðinni sem í ljós koma við matsgerð matsnefndar. Fari viðgerðarkostnaður fram úr áætlun matsnefndar er heimilt að draga mismuninn frá fyrningu íbúðarinnar.

Ef nauðsynlegt er, að dómi stjórnar verkamannabústaða að gera verulegar endurbætur á íbúðinni sem auka verðgildi hennar, skal bæta kostnaði við þær viðgerðir við söluverð íbúðarinnar.

Stjórn verkamannabústaða skal sækja um lán úr Byggingasjóði verkamanna til kaupa á íbúðinni. Stjórn verkamannabústaða skal annast þinglýsingar á afsali fyrir íbúðinni og skuldabréfi fyrir láni byggingarsjóðs. Kaupandi greiðir kostnað við þinglýsingar, stimpilgjald af skuldabréfi og lántökugjald til Byggingarsjóðs verkamanna.

Stjórn verkamannabústaða skal greiða kostnað við rekstur íbúða á meðan á viðgerð og sölu stendur en á rétt á endurgreiðslu slíkra reikninga frá Byggingarsjóði verkamanna enda renni allur hagnaður sem verða kann af endursölu íbúðanna til sjóðsins.

Reglur þessar staðfestast hér með samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 142 frá 23. mars 1982.

Félagsmálaráðuneytið, 21. apríl 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi á Borgarfirði eystra.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 16. apríl staðfest aðalskipulag af Borgarfirði eystra.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19 1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 20. apríl 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.